

**Afkoma Atorku Group hf á fyrsta ársfjórðungi 2007**

Atorka Group hf. birtir bæði móðurfélagssuppgjör og samstæðuuppgjör sem hvoru tveggja eru gerð í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla IFRS. Vegna munar sem gildir samkvæmt IFRS um gerð móðurfélags- og samstæðuuppgjóra er munur á afkomu móðurfélags og samstæðu. Atorka Group hf telur að fjárfestar verði að kynna sér bæði uppgjörin til að fá rétta mynd af stöðu félagsins.

Í móðurfélagsreikningi eru allar fjárfestingar, þar með taldar fjárfestingar í dótturfélögum, metnar á gangvirði (e. fair value). Breytingar á gangvirði á tímabilinu eru færðar í rekstrarreikning, þar með taldar gangvirðisbreytingar og arðstekjur frá dótturfélögum. Hins vegar er ekki tekið tillit til afkomu rekstrar hvers og eins dótturfélags á tímabilinu.

Í samstæðureikningi er beitt hlutdeildaraðferð og samstæðureikningsskilum, þar sem rekstrarleg afkoma hvers og eins dótturfélags ásamt afkomu móðurfélags, án gangvirðismats á dótturfélögum, er lögð saman og myndar afkomu tímabilsins.

Greiningu á mismunandi afkomu móðurfélagsins annars vegar og samstæðunnar hins vegar er að finna í skýringu 2.1 í báðum árshlutareikningunum.

**Niðurstöður (í milljónum króna):**

<u>Tímabilið 01.01.2007-31.03.2007</u>	<u>Móðurfélag</u>	<u>Samstæða</u>
<b>Rekstrarreikningur:</b>		
Fjármunatekjur	4.082	757
Vaxtatekjur	291	297
Fjármunagjöld	-967	-1.579
Hreinir fjármagnsliðir	3.406	-525
Rekstrartekjur		20.151
Rekstargjöld	296	19.205
Hagnaður/Tap eftir skatta	3.032	459
<b>Efnahagsreikningur:</b>		
Heildareignir	51.120	100.487
Heildarskuldir	32.661	90.170
Eigið fé	18.459	10.318

**Helstu niðurstöður úr ársfjórðungsuppgjöri Atorku Group hf.:**
**Lykiltölur, samstæðureikningur :**

- Hagnaður fyrsta ársfjórðungs í samstæðureikningum Atorku Group hf., var 459 milljónir króna.
- Tekjur fyrsta ársfjórðungs voru 20,1 milljarðar króna.
- Heildareignir samstæðunnar í lok ársfjórðungsins voru 100,5 milljarðar.
- Eigið fé var 10,3 milljarðar í lok ársfjórðungsins.
- EBITDA félaga í orku- og verktakaiðnaði þ.m.t. Jarðboranir á fyrsta ársfjórðungi var 392 milljónir króna sem er aukning um 31% frá sama tímabili í fyrra.
- EBITDA félaga í plastiðnaði þ.m.t. Promens á fyrsta ársfjórðungi var 1.726 milljónir króna.

**Lykiltölur móðurfélags:**

- Hagnaður eftir skatt á tímabilinu var 3 milljarðar króna
- Heildareignir voru 51,1 milljarðar króna í lok mars
- Eigið fé í lok tímabilsins var 18,5 milljarðar króna
- Arðsemi eigin fjár nam 70% á ársgrundvelli
- Eiginfjárhlutfall er 36%
- Hagnaður á hlut á tímabilinu nam 0,96

**Magnús Jónsson forstjóri Atorku;**

„Árið byrjar mjög vel hjá okkur og Atorka er að þróast í þá átt sem við höfum verið að leggja áherslu á undanfarin misseri. Breytt áhersla í fjárfestingum er farin að sýna árangur og hafa fjárfestingarverkefni félagsins gengið vel. Mikill vöxtur er fyrir séður hjá Jarðborunum og í júní kemur nýr bor til landsins sem mun koma inn í rekstur félagsins á seinni hluta ársins. Rekstur Promens hefur farið vel af stað og áhersla lögð á samþættingu innan félagsins til þess að byggja grunn að enn frekari vexti. Atorka á nú orðið fulltrúa í stjórnnum InterBulk og Clyde Process Solutions og mun koma með virkum hætti að frekari vexti þeirra félaga.“

**Helstu atburðir á fyrsta ársfjórðungi:**

- Promens lýkur við endurfjármögnun á dótturfyrirtæki sínu Polimoon með sambankaláni frá DnB NOR, Nordea og LBNord. Fjármögnunin tryggir einnig að félagið geti haldið áfram að vaxa með frekari kaupum á fyrirtækjum.
- Atorka eykur við hlut sinn í InterBulk í 40% í tengslum við hlutafjárukningu og kaup InterBulk á UTI sem er leiðandi í Evrópu á sérhæfðum gámaflutningum, einkum fyrir efnaiðnað.
- Atorka kaupir um 30% hlut í Clyde Process Solution (CPS). Með kaupunum styður Atorka félagið til að kaupa MAC sem er leiðandi fyrirtæki í Norður-Ameríku í framleiðslu á háþrúðum búnaði fyrir framleiðsluferli.
- Eignarhluturinn í Romag var seldur til Renewable Energy Resources (RER) og jafnframt jók RER við eignarhlutinn á ársfjórðungnum og á nú um 22% hluti í Romag. Renewable Energy Resources er í eigu Atorku Group og sérhæfir sig í fjárfestingum í endurnýjanlegri orku.
- Atorka ákveður að selja fyrirtæki á heilbrigðismarkaði

**Nýlegir atburðir**

Jarðboranir taka stefnumarkandi skref í stóraukinni útrás félagsins með kaupum á 3 hátæknivæddum stórborum fyrir um 6 milljarða króna. Með kaupunum stóreflist borfloti Jarðborana og búa þeir yfir nær tvöfalt meiri borgetu en öflugustu borar Jarðborana sem fyrir eru. Því er ljóst að tilkoma þeirra markar tæknileg þáttaskil í starfsemi samstæðunnar.

Atorka hefur verið að auka eignarhlut sinn í Amiad filtration og á nú rúmlega 19% eignarhlut í félaginu. Amiad Filtration er leiðandi á alþjóðamarkaði í framleiðslu á vatnshreinsibúnaði. Mikill vöxtur er á þessum markaði og er vaxandi eftirspurn eftir hreinu vatni. Amiad er skráð á AIM markaðinn í London.

Gengið hefur verið frá sölu á Icepharma og Parlogis.

**Lykiltölur úr reikningi samstæðu**
*Milljónir króna*

	1.ársfj. 2007	4.ársfj. 2006	3.ársfj. 2006	2.ársfj. 2006	1.ársfj. 2006
Hreinar fjármunatekjur.....	(525)	(963)	(591)	(1.198)	829
Rekstrartekjur.....	20.151	7.740	8.302	8.581	6.949
Rekstrarkostnaður.....	(19.205)	(8.168)	(7.899)	(8.209)	(6.797)
Afkoma fasteignafélags.....		132	219	(66)	(35)
Afskrift viðskiptavildar		(138)			
Hagnaður fyrir skatta.....	429	(1.397)	31	(892)	946
Tekjuskattur.....	29	916	2	90	(180)
Hagnaður/Tap eftir skatta.....	459	(482)	32	(802)	766

**Lykiltölur úr reikningi, móðurfélags**

Milljónir króna

	1.ársfj. 2007	4.ársfj. 2006	3.ársfj. 2006	2.ársfj. 2006	1.ársfj. 2006
Hreinar fjármunatekjur.....	3.406	1.720	833	1.224	5.051
Rekstrarkostnaður.....	(296)	(122)	(173)	(182)	(379)
Hagnaður fyrir skatta.....	3.110	1.599	660	1.042	4.671
Tekjuskattur.....	(78)	(287)	(105)	(186)	(655)
Hagnaður eftir skatta.....	3.032	1.312	555	856	4.016

**Horfur**

Horfur í fjárfestingarverkefnum Atorku eru góðar. Eins og áður hefur komið fram er stefnt að því að skrá Promens á árinu. Félagið sér mikil sóknarfæri á þeim sviðum sem það starfar á og ekki síst á sviði endurnýtanlegrar orku. Þá mun Atorka áfram styðja við uppbyggingu og stækkun á fjárfestingarverkefnum.

**Arðgreiðsla**

Aðalfundur Atorku Group var haldinn 6.mars s.l., þar sem samþykkt var tillaga um að hluthöfum yrði greiddur 110% arður af nafnvirði hlutafjár. 50% var greitt í formi reiðufjár en 60% í formi hlutabréfa. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar nam 50% af hagnaði félagsins fyrir árið 2006. Arðurinn var greiddur út 29. mars í samræmi við hluthafalista við lok aðalfundardags.

**Fjárhagsdagatal fyrir árið 2007**

Birtingardagar næstu uppgjóra Atorku Group á árinu 2007 eru þessir:

Annar ársfjórðungur í viku 34  
Þriðji ársfjórðungur í viku 47  
Fjórði ársfjórðungur og ársreikningur 2007 í viku 8 2008

**Nánari upplýsingar veita;**

Magnús Jónsson,  
forstjóri í síma 840 6240

Valdís Arnardóttir  
kynningarstjóri í síma 840 6217

Reikninga Atorku Group má finna á heimasíðu félagsins [www.atorka.is](http://www.atorka.is)

**Um Atorku Group**

Atorka er fjárfestingarfélag sem styður framsækin fyrirtæki, sem njóta góðs af hnattrænni þróun, til leiðandi hlutverks á heimsvísu. Í fjárfestingum sínum leggur Atorka áherslu á að rekstur fyrirtækjanna sé öflugur og hafi sterkt stjórnendateymi og að fyrirtækið starfi við góð skilyrði til verulegs innri og ytri vaxtar. Gert er ráð fyrir að tímalengd verkefnanna sé um 3-5 ár og að mikil tækifæri séu til vaxtar og verðmætaaukningar.